

Héraðsdómur Reykjavíkur
Hr. Kjartan Bjarni Björgvinsson
Dómhúsinu v. Lækjartorg
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. nóvember 2016

Ég vísa til bréfs míns frá því fyrr í morgun og svars þíns, sem barst mér með tölvupósti rétt í þessu.

Hér með tilkynnist að ég hef ákveðið að kæra til forseta Alþingis ákvörðun þína, sem í bréfum þínum og svari nú í morgun felst, að ég eigi ekki rétt á aðstoðarmanni að eigin vali og að kostnaður við hann verði ekki greiddur af nefndinni.


Jafnframt krefst þess að:

- ég verði upplýstur um þau atriði sem eru til skoðunar hjá nefndinni og álitin eru að tengist mér á einhvern hátt. Í þessu sambandi bendi ég á að einkavæðingin á Búnaðarbankanum hefur tvívegis verið rannsökuð af þar til bærum stofnunum ríkisins, m.a. ríkisendurskoðun. Ekki hefur komið neitt fram um ranga upplýsingagjöf í því sambandi. Í bréfi umboðsmanns Alþingis til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis er því lýst að honum hafi nýverið borist „*upplýsingar og ábendingar hvernig leiða mætti í ljós hver hafi í raun verið þátttaka þýska bankans Hauck & Aufhauser Privatbankiers KGaA í kaupum á eignarhluta íslenska ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf. á árinu 2003 með aðild hans að Eglu hf. Þessum upplýsingum var komið til mín undir þeim formverkjum að ég gætti trúnaðar um uppruna þeirra*“. Ég óska sérstaklega eftir því að verða upplýstur um hvort þú hafir rannsakað við hvað er átt og hvort þú hafir undir höndum upplýsingar, sem falla þarna undir.
- Að því gefnu að fjallað verði um mig í fyrirhugaðri skýrslu, þá fái ég raunhæft tækifæri með hæfilegum fresti til að gera skriflegar athugasemdir þar um.

Ég óska vinsamlegast eftir svari þínu við þessum atriðum.

Að síðustu tilkynnist að ég hef ákveðið að mæta ekki til þín í skýrslutöku í Safnahúsinu á morgun, samkvæmt boðun. Ég óska eftir að verða boðaður til að mæta fyrir héraðsdóm.

Virðingarfyllst,



Ólafur Ólafsson